

1559. FUNDUR FLUGRÁÐS

Mánudaginn 14. júní 2010 var haldinn fundur í flugráði í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og var fundur settur kl.14:00.

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Árni Gunnarsson, Lárus Atlason og Jóna Kristín Þorvaldsdóttir. Gísli Baldur Garðarsson boðaði forföll. Jens Bjarnason og Kristján Sveinbjörnsson mættu ekki.

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack.

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti: Kristján L. Möller, Ragnhildur Hjaltadóttir og Karl Alvarsson.

Ritari fundargerðar: Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

1. Bókun lögð fyrir ráðherra

Flugráð afhenti ráðherra eftirfarandi bókun:

Bókun á 1559. fundi flugráðs til samgönguráðherra

Lögð fram á fundi ráðsins með ráðherra 14. júní 2010

Þökkum öllum hinum fjölmörgu sem borið hafa hita og þunga af viðbrögðum vegna eldgosá. Þar hefur verið vel að verki staðið við erfiðar aðstæður.

Óskum nýrri stofnun Isavia ohf. velfarnaðar sem varð til við sameiningu Flugstöða og Keflavíkurflugvallar. Tryggt verði að áfram sé veitt traust þjónusta og frekari uppbygging eigi sér stað með nauðsynlegum framkvæmdum.

Fögnum að undirbúningur að byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll sé loks á lokastigi og framkvæmdir geti hafist á þessu ári. Varast ber að framkvæmdir á flugvöllum hafi í för með sér nýjar fjárhagslegar álögur á flugrekendur og viðskiptavinum og áhersla lögð á samráð við notendur varðandi gjaldtöku á flugreksturinn.

Lýsum vonbrigðum með að horfið hafi verið frá ákvörðun um að sækja um undanþágu fyrir innanlandsflugið frá tilskipun ESB vegna útblásturs CO₂ í flugi sem gæti frekar aukist á Íslandi ef innanlandsflugið verði ekki undanskilið. Málið var með góðum fyrirvara vandlega undirbúið á vegum samgönguráðuneytisins. Gagnrýna ber seinagang við ákvörðunartöku með rökstuðningi stjórnvalda, að beiðni um undanþágu hefði tafið aðlögun Íslands að tilskipuninni og þar með skaðað hagsmuni íslensks flugrekstrar.

Hvetjum til í sambandi við flugverndina á Keflavíkurflugvelli, að alvarleg frávik, sem upp komu við alþjóðlegt eftirlit, endurtaki sig ekki. Frávik gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir farþega, flugrekstur og íslenskt orðspor og stefnt í uppnám undanþágu fyrir innanlandsflugið varðandi flugverndarákvæði.

Vekjum athygli á, að ef leyfa á starfrækslu borgaralegs flugs á Keflavíkurflugvelli til heræfinga, þá verði meðferð og ábyrgð á skráningu og lofthæfni viðkomandi loftfara skilgreind, sérstök reglugerð sett um starfsemina sem m.a. kveði á um flugöryggi og Flugmálastjórn verði gert fjarhagslega kleift að annast nauðsynlegt eftirlit.

Ítrekum að við fyrirhugaða sameiningu samgöngustofnananna, Flugmálastjórnar Íslands, Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Umferðastofu, verði tekið tillit til sérstöðu verkefnasviða og ekki verði fyrir borð borin fagleg sérþekking og reynsla. Áfram verði tryggð skilvirk og traust þjónusta, séð til þess að opinber flugmálastarfsemi standist úttektir alþjóðlegra stofnana og njóti áfram trausts á alþjóðavettvangi. Kostnaði við reksturinn sé þannig skipt að fyrirtæki, ríkissjóður, farþegar og aðrir viðskiptaaðilar megi vel við una. Flugmálastjórn ber mikla ábyrgð í störfum undir nákvæmu alþjóðlegu eftirliti, hefur að skipa sérhæfðu fagfólki með mikla reynslu og veitir trausta þjónustu. Þetta allt verður að varðveita við sameiningu þar sem öryggi er í fyrirrúmi. Þá leggjum við áherslu á, að í lögum um sameiningu viðkomandi stofnana verði kveðið á um starfsemi sérstaks ráðs sem treysti samráð við hagsmunaaðila, eflí eftirlit og gegnsæi við stjórnsýsluna og sé ráðherra ráðgefandi um rekstur og málefni á samgöngusviðum.

Leggjum til að rekstrarskilyrði íslenskra flugrekenda verði skoðuð heildstætt. Efnahagslegt hrun, eldgos, flutningur stjórnsýslu í flugi til nýrrar stofnunar, innleiðing CO₂ tilskipunar ESB, nýjar kröfur EASA í flugrekstri, þjálfunarmálum svo og lofthæfíkröfur / Part M fyrir almannaflyg og nýir loftferðasamningar, hafa umtalsverð áhrif á hinn mikilvæga atvinnuveg sem flugrekstur er. Brýnt er að stjórnvöld hafi frumkvæði að slíkri skoðun sem tryggi áfram öflugan flugrekstur í landinu og gæti orðið grunnur að heildstæðri flugmálastefnu með öryggi og þjónustu í forgangi.

Flugmálastjóri benti á í ljósi þess að hann er ekki í flugráði en situr alla fundi ráðsins að bókunin er gerð í sátt við hann og starfsmenn stofnunarinnar. Við bókunina hefur flugmálastjóri við að bæta að hann telur mikilvægt að fram komi í nýju skipuriti Farsýslunnar hver það verður sem komi til með að gegna samsvarandi starfi flugmálastjóra enda hafi Flugmálastjórn Íslands starfað bæði sem bakhjarl og eftirlitsaðili íslensks flugrekstrar og áriðandi að einhver ákveðinn aðili komi til með að sinna því starfi út á við áfram. Þá telur flugmálastjóri mikilvægt að skoðaður verði grundvöllur fyrir skipun nefndar til að fara ofan í kjölinn á stöðu almannaflygs í landinu.

Ráðherra þakkað flugráð vel unnin störf og tekur undir þakklæti flugráðs til þeirra fjölmörgu sem borið hafa hita og þunga af viðbrögðum vegna eldgosa auk þess sem hann ítrekar að fjárframlög úr ríkissjóði séu tiltæk handa þeim stofnunum sem, líkt og Flugmálastjórn Íslands, hafa þurft að leggja í aukinn kostnað vegna gossins.

Hvað varðar einstaka þætti í bókun flugráðs sagði ráðherra sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. og stofnun Isavia ohf. hafa gengið mjög vel. Fullvíst sé að ekki þurfi að fara á byrjunarreit í málefnum samgöngustofnunar þó svo nýr meirihluti hafi tekið við hjá Reykjavíkurborg. Áform séu um að innritunar- og leigugjöld komi til með að kosta samgöngumiðstöðina en líklega verði flughlöðin í fjárlögum. Hvorki ríki né flugrekendur víkja sér undan mikilvægi þess að huga að verndun umhverfisins en það var mat íslenskra stjórnvalda að fullreynt hafi verið af t.d. Möltu að fá undanþágu frá tilskipun ESB vegna útblástur CO2 í flugi og var, á þeim grundvelli, fallið frá því að reyna að fá undanþágu fyrir íslenskt innanlandsflug. Flugverndarmál á Keflavíkurflugvelli eru í farsælum farvegi og málefni ECA eru á lokavinnslustigi innan ráðuneytisins en það sé hins vegar á forræði ríkisstjórnarinnar að ákveða hvort atvinnustarfssemi sem þessi verði heimiluð á Íslandi. Verkefnið um sameiningu samgöngustofnana hefur gengið einkar vel og verða frumvörpin um stofnanirnar tvær kynntar á þingi fljótlega. Ný nöfn hafa verið valið á stofnanirnar; Farsýslan og Vegagerðin. Í báðum lagafrumvörpunum eru ákvæði um samráð. Ekki er verið að taka samráð af með því að kveða ekki á um starfssemi sérstaks ráðgefandi ráðs í lögnum heldur er verið að breyta formi samráðs og eru væntingar um að það verði atkvæðameira fyrir vikið. Í lokin sagði ráðherra það ljóst að efnahagshrunið og eldgosið hafi haft mikil áhrif á flugiðnaðinn en vonir stæðu til að iðnaðurinn stæði þær hremmingar af sér enda mikilvægi flugstarfssemi íslenskra flugrekenda, viðhaldsfyrirtækja og flugleiðsögufyrirtækja gríðarlegt fyrir íslenskt atvinnulíf og þjóðarbúið í heild sinni. Þá óskaði ráðherra eftir áframhaldandi góðu samstarfi við flugráð.

2. Fundargerð 1558. fundar flugráðs

Fundargerð 1558. fundar flugráðs lögð fyrir og samþykkt samhljóða eftir breytingar á lið 2 þar sem rætt var um fjármögnun flughlaða við nýja samgöngumiðstöð.

3. Til umsagnar ráðsins

Drög að reglugerð um almannaflug flugvéla og drög að reglugerð um almannaflug þyrlla voru send út til umsagnar fyrir helgi. Umsagnarfrestur er til 25. júní n.k.

Vegna boðaðrar úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO á Flugmálastjórn Íslands í október þarf að staðfesta fjölda reglugerða og uppfæra aðrar sem byggjast á Viðaukum

við Chicago sáttmálann þó svo að farið hafi verið eftir þeim viðaukum óþýddum hingað til.

Árni Gunnarsson og Lárus Atlason tóku að sér að fara yfir þessi tvö drög að reglugerðum sem og önnur drög sem í farvatninu eru fyrir hönd flugráðs og koma þeir til með að láta formann vita ef ástæða þykir til athugasemda.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

1559. fundi flugráðs var slitið kl. 15:15

Næsti fundur flugráðs er áætlaður í september.

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari